

REGLUR um fasta þingstaði héraðsdómstóla.

1. gr.

Þingstaðir héraðsdómstóla eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur: Aðsetur dómsins í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík.
2. Héraðsdómur Vesturlands: Aðsetur dómsins að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.
3. Héraðsdómur Vestfjarða: Aðsetur dómsins að Hafnarstræti 9 á Ísafirði.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra: Aðsetur dómsins að Skagfirðingabraut 21 á Sauðárkróki.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra: Aðsetur dómsins að Hafnarstræti 107 á Akureyri.
6. Héraðsdómur Austurlands: Aðsetur dómsins að Lyngási 15 á Egilsstöðum.
7. Héraðsdómur Suðurlands:
 - a. Þinghá sem tekur til sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Ásahrepps, Flóahrepps, Bláskógabyggðar, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Sveitarfélagsins Árborgar: Aðsetur dómsins að Austurvegi 4 á Selfossi.
 - b. Þinghá sem tekur til Vestmannaeyjabæjar: Hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum að Heiðarvegi 15 í Vestmannaeyjum.
8. Héraðsdómur Reykjaness: Aðsetur dómsins að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Þær öðlast gildi 1. janúar 2018.

Þannig samþykkt í stjórn dómstólasýslunnar, 11. desember 2017.

Benedikt Bogason,
formaður stjórnar dómstólasýslunnar.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2017